

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Sigfús Ingi Sigfússon <sigfus@skagafjordur.is>
Sent: föstudagur, 28. júní 2024 10:49
Til: Jón Prándur Stefánsson
Afrit: Sigfús Ólafur Guðmundsson; Baldur Hrafn Björnsson
Efni: RE: Byggðakvóti Skagafjarðar

Sælir.

Byggðarráð Skagafjarðar, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald í sumarleyfi sveitarstjórnar sem nú stendur fyrir, tók málið fyrir sl. miðvikudag og bókaði eftirfarandi:

2. Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 - 2312020

Magnús Jónsson, formaður smábátafélagsins Drangeyjar sat fundinn undir þessum lið. Eftir að Magnús Jónsson yfirgaf fundinn fóru fram umræður byggðarráðs.

Byggðarráð samþykkir samhljóða breytingar á tillögum að sérreglum við úthlutun byggðakvóta.

Tillögurnar fara hér á eftir:

Þrjár tillögur eru varðandi breytingu á 4. gr.:

„Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 24 þorskígildistonn á skip."

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: „Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafli í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Afli sem er landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr."

Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.):

Með breytingu á ofangreindu ákvæði er leitast eftir að koma til móts við og létta undir með minni útgerðum í Skagafirði sem hafa átt undir högg að sækja. Með breytingunni nær veiði byggðakvóta til breiðari hóps og eykur fjölbreytileika í sjávarútvegi í Skagafirði. Nefna má að byggðakvóti til Hofsóss hefur nær þurrkast út á liðnum árum og vægi hans þar því lítið. Þá styður byggðakvóti til minni báta á Sauðárkróki sem fyrr segir við fjölbreytileika í sjávarútvegi í Skagafirði og þar með við minni fyrirtæki í greininni einnig. Mótframlag við byggðakvóta frá minni útgerðum styður jafnframt við fiskvinnslu í héraðinu.

Fleiri en ein höfn er innan marka sveitarfélagsins Skagafjarðar og mikilvægt er að geta landað innan sveitarfélagsins, óháð því á hvaða höfn Sveitarfélagsins er landað. Sami rekstraraðili er að höfninni á Hofsósi og Sauðárkróki (Skagafjarðarhafnir) og gengur oft illa að manna höfnina í Hofsósi og er því mikilvægt að bátar frá Hofsósi hafi heimild til að landa á Sauðárkróki og öfugt. Mikilvægt er að allur afli sem landaður er innan sveitarfélagsins Skagafjarðar teljist til byggðakvóta óháð hvar innan sveitarfélagsins sé landað.

Ein tillaga varðandi breytingu á 6. gr.:

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024."

Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.):
Fleiri en ein höfn er innan marka sveitarfélagsins Skagafjarðar og mikilvægt er að geta landað innan sveitarfélagsins, óháð því á hvaða höfn Sveitarfélagsins er landað."

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja,
Sigfús Ingi

Sigfús Ingi Sigfússon
Sveitarstjóri / Mayor
Skagafjörður
Skagafjörður Municipality
+354 455 6000 / +354 842 5777
sigfus@skagafjordur.is



Ráðhúsinu – 550 Sauðárkróki – Sími +354 455 6000 – Fax +354 455 6001 – www.skagafjordur.is

From: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>

Sent: föstudagur, 28. júní 2024 09:37

To: Sigfús Ingi Sigfússon <sigfus@skagafjordur.is>; Sigfús Ólafur Guðmundsson <sigfusolafur@skagafjordur.is>

Subject: Byggðakvóti Skagafjarðar

Sælir,

Er eitthvað að fréttu af fundi sveitarstjórnar sl. miðvikudag? Bent skal á að ef fyrirhugað er að senda inn tillögur að sérreglum þá ber ráðuneytinu að auglýsa þær í 7 daga áður en afstaða er tekin til þeirra. Ef ekki berst ný tillaga þá mun ráðuneytið taka afstöðu til þeirra tillögu sem fyrir liggur.

Með kveðju,
Jón Þrándur



Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor

Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing